

Sveitarfélagið Árborg
Austurvegi 2, Ráðhúsi
800 Selfoss

Selfoss, 27.12.2023
UST202311-313/H.M.V.
08.14.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 11. október - Árborg, Lækjamót

Þann 11. október sl. fór fram eftirlit á aflögðum urðunarstað Árborgar við Lækjamót. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Eitt frávik kom fram er varðar:

1. Gr. 1.4 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal tryggja að frágangur urðunarstaðarins sé viðunandi í samræmi við lokunaráætlun, þannig að allur úrgangur sé hulinn jarðvegslagi, eða lagi úr sambærilegu efni, sem er a.m.k. 1 m að þykkt. Við eftirlit kom í ljós að talsvert af úrgangsefnum voru á yfirborði í yfirborðslagi.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindu atriði í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 17. janúar 2024.

Virðingarfyllst

Halla Margrét Viðarsdóttir
sérfræðingur

Freyr Ævarsson
sérfræðingur